

Ed.

169. Frumvarp

til laga um vaxtakjör landbúnaðarins.

Flutningsmenn: Jónas Jónsson, Einar Arnason, Guðm. Guðfinnsson, Guðm. Ólafsson og Sigurður Jónsson.

1. gr.

Þá er lánsstofnanir þær, er landið ræður yfir beint eða óbeint, aðrar en veðdeild eða Ríkisveðbanki, veita lán til atvinnurekstrar í sveitum, skulu útlánsvextir vera $\frac{1}{6}$ lægri en til samskonar fyrirtækja í kaupstöðum og kaup-
túnum, nema fjenu eigi þar að verja til jarðræktar.

2. gr.

Lögin öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Svo er til ætlast, að ef frumvarp þetta nær fram að ganga, þá nái lögin bæði til Landsbankans og Íslandsbanka. Enginn vafi er á um vald þingsins til að mæla þannig fyrir um þann banka, sem landið á sjálft. En nú sem stendur leggur landið Íslandsbanka yfir 10 milljónir kr. af veltufje hans, bæði í seðlum og heinu lánsfje. Landið hefir að lögum meiri hluta í stjórn bankans (bankaráðinu), þar sem þar sitja 4 trúnaðarmenn þjóðarinnar, kosnir af Alþingi, en fulltrúar hluthafanna ekki nema 3. Þar að auki skipar landsstjórnin nú tvo af þrem framkvæmdarstjórum bankans. Þarf því ekki nema yfirlýstan vilja Alþingis til að knýja þessa trúnaðarmenn þess til að stýra Íslandsbanka í þessu efni samkvæmt landslögum, þó að hann sje enn talinn að vera eign hlutafjelags.

Krafan um lægri vexti landbúnaðinum til handa er ekki sprottin af löngun til að gera þeim atvinnuvegi yfirleitt hærra undir höfði heldur en atvinnurekstri í kauptúnunum. Krafan er blátt áfram rjettlætiskrafa. Vextir íslensku bankanna eru svo háir, sem raun ber vitni um, af því að sjávarútvegurinn og verslun með sjávarafurðir eru í einu arðsamar, en mjög hættumiklar atvinnugreinar. Töpin á þeim atvinnurekstri eru svo tíð og stórfeld, einkum í seinni tíð, að bankarnir hafa neyðst til að miða vextina við áhættuna. En þessi áhættumunur nær ekki til fasteignalána, því að enginn verulegur munur á að geta verið á milli slíkra lána, hvort sem tryggingin er jörð í sveit eða hús í kaupstað.

Reynslan hefir sýnt undanfarið, og aldrei fremur en hin síðustu missiri, að áhætta við lán til atvinnurekstrar í sveitum á Íslandi er mjög lítil. Fyrst og fremst er mjög lítið af fjármagni landsins bundið í lánnum til sveitamanna, og það er á allra vitorði, að á þeim lánnum hefir aldrei orðið verulegt tap. Það er þess vegna fullkomið ranglæti að láta hin hættulausu lán bera slysatrygginguna fyrir hin ótryggu lán, sem veita verður til hættumikilla atvinnugreina.

Frumvarp þetta er bygt á þeim skoðunarhætti, sem frá alda öðli hefir legið til grundvallar fyrir vaxtahæð lána. Því meiri áhætta, því hærri vextir. Því minni áhætta, því lægri vextir.

Sumir kynnu að halda, að erfitt yrði fyrir bankastjórnir að gera þann mismun, sem hjer er farið fram á, eftir atvinnuvegum. En svo mun ekki vera. Enginn bankastjóri á að veita lán, nema hann viti nokkurn veginn, til hvers lánið á að nota og hver maðurinn er, sem lánið fær. Og þessi þekking er einhlit til þess, að lög um mismunandi vaxtakjör eftir áhættu ættu að geta náð tilgangi sínum.